

AFRIT

Til forseta Alþingis.


Undirrituðum hefur borist bréf frá Björgólfi Thor Björgólfssyni, dags. 6. desember 2011, sem hann hefur sent til forseta Alþingis og til þeirra einstaklinga sem áttu sæti í rannsóknarnefnd Alþingis og skipuð var samkvæmt lögum nr. 142/2008. Þar sem rannsóknarnefndin er ekki lengur starfandi en nefndin starfaði á vegum Alþingis teljum við rétt að upplýsa forseta Alþingis um afstöðu okkar til þeirra spurninga sem beint er til okkar í bréfinu og það verði að vera ákvörðun forseta Alþingis að svara bréfitara.

Eftir að kynningu á skýrslu nefndarinnar lauk strax eftir útkomu hennar höfum við ekki svarað fyrirspurnum þeirra aðila sem vísað er til í fyrstu spurningu bréfitara um það efni sem þar er spurt um. Að því marki sem blaðamenn, starfsmenn fjölmiðla eða aðrir hafa náð sambandi við okkur höfum við aðeins ítrekað þá afstöðu okkar að við svörum ekki fyrirspurnum um efni skýrslunnar. Skýrslan liggja fyrir og viðkomandi geti kynnt sér efni hennar. Með skýrslunni sé þessu verkefni lokið af okkar hálfu. Við sjáum ekki að aðrar spurningar sem settar eru fram í bréfinu gefi tilefni til frekari svara af okkar hálfu.

Reykjavík, 4. janúar 2012.



Páll Hreiðsson



Tryggvi Gunnarsson